

## Fjórði fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 11. apríl 2024 klukkan 20:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Áslaug Sigvaldadóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verður það þriðja mál á dagskrá.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Erindi frá Eggerti Kjartanssyni  
Erindi frá Eggerti Kjartanssyni, f.h. Múlavirkjunar hf., dagsett 23. mars 2024, er lagt fram.

Erindið er tilboð í Gagnaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps og hljóðar upp á 20.000.000 kr., staðgreitt við undirritun kaupsamnings. Ekki er tekið fram í tilboðinu hvort boðin fjárhæð fyrir Gagnaveituna er með eða án virðisaukaskatts. Ekki er tekið fram í tilboðinu fyrirhugað mánaðargjald fyrir notendur ljósleiðarakerfisins.

Oddviti leggur fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps tók á fundi sínum þann 18. mars 2024 fyrir tilboð frá Mílu hf. í Gagnaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða kauptilboð Mílu hf. í Gagnaveituna. Á sama fundi var oddvita falið að ganga frá sölnni f.h. sveitarfélagsins. Sveitarstjórn leggur áherslu á að tryggt og öruggt aðgengi að nútíma háhraðanettengingum í tengingu við ljósleiðara sé mikilvægt byggðarmál fyrir íbúa sveitarfélagsins. Mikilvægur liður í því er að sá aðili sem sér um rekstur kerfisins hafi burði og þekkingu til þess að reka slíkt kerfi, ásamt því að geta tryggt að greiðslubyrði afnotagjalda sé sem lægst á hverjum tíma. Á þeim grunni telur sveitarstjórn að ekki séu tilefni til endurskoðunar á ákvörðun sinni um töku tilboðs á sölu Gagnaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps til Mílu hf. Þrátt fyrir að nýtt tilboð hafi borist sveitarstjórn frá Múlavirkjun hf., enda liggur fyrir að fyrirliggjandi tilboð frá Múlavirkjun hf. er umtalsvert lægra en tilboð Mílu hf. Engar upplýsingar eða forsendur liggi fyrir um að tilboðsgjafi, Múlavirkjun hf., hafi faglega burði og/eða þekkingu til reksturs umrædds kerfis eða geti tryggt notendum sambærilegt mánaðargjald og mun standa notendum til boða af hálfu Mílu hf. sem er bundið skilyrðum og skilmálum Fjarskiptastofu. Sveitarstjórn þakkar sýndan áhuga á Gagnaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps.

Bókun samþykkt samhljóða.

Oddvita falið að svara erindinu.

2. Drög að samkomulagi Eyja- og Miklaholtshrepps og Svæðisgarðsins Snæfellsness um samstarf, aðstöðu og rekstur íbúa- og gestastofu Snæfellsness í félagsheimilinu að Breiðabliki  
Drögin lögð fram.

Umræður og athugasemdir bornar fram um samkomulagið. Oddvita falið að vinna málið áfram með framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins og leggja fyrir sveitarstjórn að nýju.

3. Aðalfundarboð Nýsköpunarmiðstöðvar Vesturlands  
Aðalfundarboð lagt fram.

Samþykkt er að fela oddvita að fara með atkvæði Eyja- og Miklaholtshrepps á Aðalfundi Nýsköpunarmiðstöðvar Vesturlands (Nývest) sem að haldinn verður 3. maí 2024 og útbúa kjörbréf því til staðfestingar.

4. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2023  
Ársreikningur er lagður fram til kynningar.
5. Fundargerð Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands 2024  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
6. Fundargerð Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2024  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
7. Fundargerð 188. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
8. Fundargerð 945. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
9. Fundargerð 946. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:35.

Áslaug Sigvaldadóttir – sign  
Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign  
Herdís Þórðardóttir – sign  
Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign  
Sigurbjörg Ottesen - sign

